

Nr. 10/1890.

F. A. Löve
gegn
Egli Egilsson

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði F. A. Löve fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur hinn 27. marz f. á., gegn Egli Egilsson út af reikningsviðskiptaskuld, að upphæð 334 kr. 20 au., en hinn stefndi höfðaði gagnsök gegn Löve til skulda-jafnaðar, og heimtaði, að reikningskrafa hans yrði niður sett um 319 kr., en mismuninn 15 kr. 20 au., bauðst stefndi til að borga. Málið var dæmt í bæjarþingsrjettinum hinn 12. sept. f. á. og var Egilsson dæmdur til að greiða Löve að eins 15 kr. 20 au., með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefur F. A. Löve skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 22. marz 1890 og hefur hann gjört þær rjettarkröfur, að hinum áfrýjanda dómi verði breytt þannig, að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða alla hina umstefndu upphæð, 334 kr. 20 au., með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, að gagnreikningi stefnda verði algjörlega hrundið, að nokkurummæli hans fyrir undirrjettinum um umboðsmann áfrýjanda verði dæmd ómerk og stefndi sektaður fyrir þau, og að hann verði skyldaður til að greiða málskostnað bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi með einhverju nægilegu. Á hinn bóginn hefur stefndi krafizt þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Hinn stefndi hefur samþykkt reikning áfrýjanda, sem framlagður hefur verið í málinu, að öðru leyti en

því, að hann segir vantalið til inngjalda borgun frá «City of London» um 32 kr. — en áfrýjandinn virðist hafa verið aðalumboðsmaður nefnds brunabótafjelags hjer á landi, — og borgun fyrir aðstoð við uppboð um 20 kr., og að of talið sje til útgjalda «borgun fyrir gluggatjöld» 7 kr. og milligjöf á jökkum 10 kr. En því næst hefur hinn stefndi í gagnsóknarmálinu fyrir undirrettinum gjört kröfu á hendur áfrýjanda um 250 kr., sem kaup eða endurgjald fyrir skuldainnheimtu, málarekstur og ýmisleg störf í þarfir áfrýjanda frá 17. apríl 1885 til 31. desember 1887. Það er viðurkennt í málinu af hálfu áfrýjanda, að hinn stefndi hafi átt að fá borgun frá «City of London»-fjelaginu fyrir störf í þess þarfir, svo og frá áfrýjanda sjálfum fyrir aðstoð við uppboð, sem hann ljet halda, en jafnframt, að ekkert hafi fyrirfram verið samið um upphæð launanna fyrir þetta. Fyrir þessa skuld, og með tilliti til þess, að áfrýjandi hefur eigi farið því fram, að borgun sú, sem hinn stefndi hefur heimtað, í raun og veru sje of hátt endurgjald fyrir starf hans, verður að samþykkja ákvæði bæjarþingsdómsins um það, að stefnda beri að fá borgun þessa, samkvæmt því, sem hann hefur sett upp. Ennfremur verður að samþykkja ákvæði bæjarþingsdómsins um það, að hinum stefnda verði eigi gjört að skyldu að greiða áfrýjanda andvirði gluggatjaldanna, með því, að það er ósannað gegn neitun stefnda, að hann hafi keypt þau, — og eigi verður hann heldur dæmdur til að borga «jakka»-milligjöfina, því að áfrýjandi hefur eigi sannað gegn skýlausri neitun stefnda, að þessi milligjöf hafi verið áskilin. Samkvæmt hinu framanritaða verður að fallast á það, að undirdómarinn hefur tekið til greina útásetningar stefnda við reikning áfrýj-

anda. Það er einnig viðurkennt undir rekstri málsins af hendi áfrýjanda, að hinn stefndi hafi haft á hendi skulda-innheimtu fyrir hann um 2ggja eða 3ggja ára tíma, en hvorugur málsparta hefur gjört grein fyrir því, hvort samið hafi verið um ákveðna borgun fyrir starf þetta fyrir fram þeirra á milli.

Þar sem eigi verður álitid, að það hafi verið til-ætlun stefnda — nje heldur að áfrýjandi hafi haft ástæðu til að búast við því — að þessi störf væru leyst af hendi endurgjaldslaust, og með því að hin umkrafa upphæð eigi þykir óhæfileg, eptir skýrslum þeim, sem að öðru leyti eru framkomnar í málinu, verður að staðfesta hinn áfrýjanda dóm, einnig að því er ákvæði hans um þessa kröfu hins stefnda snertir. Með því að yfirdómurinn enn fremur er samþykkur málskostnaðarákvæði undir-
rjettardómsins, verður að samþykkja hann í heild sinni. Það er eigi ástæða til, að taka ómerkingar- og sektar-kröfu áfrýjanda til greina, og eptir öllum atvikum málsins þykir rjett að málskostnaður falli niður.

P v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn áfrýjandi bæjarþingsdómur á að vera órask-
aður. Málskostnaður falli niður. Dóminum að
fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans und-
ir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júlímán.

Nr. 20/1890.

Rjettvísinn

gegn

Ólafi Þorsteinssyni.

D ó m u r :

Mál þetta, sem höfðað hefur verið gegn ákærða, Ólafi